

Ár 1995, miðvikudaginn 15. febrúar, var í málinu nr. 16/1994 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi 16. september 1994 óskar Árni Snæbjörnsson, löggiltur endurskoðandi, vegna Bílgreinasambandsins, kt. 440181-0159 eftir úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar um skyldu samtakanna til greiðslu sérstaks fasteignaskatts af eignarhluta sínum í fasteigninni Kringlunni 7, Reykjavík. Í bréfinu segir m.a.:

"Í framahaldi af synjun Reykjavíkurborgar á erindi umbjóðanda míns um niðurfellingu sérstaks fasteignaskatts 1994, sjá meðfylgjandi ljósrít af bréfi dags. 18. maí 1994, er hér með farið fram á að Yfirfasteignamatsnefnd úrskurði um gjaldskyldu félagsins.

Í lögum nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélags, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 113/1992 og 124/1993, segir m.a. að skattskylda þessi hvíli á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt eða lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Bílgreinasambandið er félag, sem stundar ekki atvinnu og er undanþegið tekjuskatti og eignaskatti. Vegna þessa tel ég að skattskylda þessi nái ekki til Bílgreinasambandsins".

Með bréfi til Borgarstjórans í Reykjavík, dags. 3. október 1994 var óskað umsagnar borgaryfirvalda um framangreinda kæru. Umsögn borgarlögmans til Yfirfasteignamatsnefndar er dags. 28. október 1994.

Samkvæmt lögum nr. 124/1993, 10. gr. I, um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, segir m.a.:

"Sérstakan fasteignaskatt, sem nema skal 1.25% að hámarki af álagningarstofni, er heimilt að leggja á fasteignir sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða. Skattskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á aðilum sem skattskyldir eru

samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Skattskyldan nær til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni".

Með bréfi, dags. 23. október 1994 óskaði Yfirfasteignarmatsnefnd eftir upplýsingum ríkisskattstjóra um skattskyldu kæranda samkvæmt I. kafla laga nr. 75/1981 og um skattlagningu hans á grundvelli ákvæða laga nr. 111/1992 um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Í bréfi ríkisskattstjóra til nefndarinnar dags. 25. jan. 1995, segir svo m.a.:

"Ofangreindur lögaðili er ekki undanþeginn álagningu opinberra gjalda samkvæmt sérlögum.

Án frekari og ítarlegri athugunar ýmissa annarra þátta en eignarhalds á fasteignum getur hvorki skattstjórinn í Reykjavík né ríkisskattstjóri skorið með afdráttarlausum hætt úr um hvort undanþáguákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt taki til aðilans og starfsemi hans. Þau ákvæði sem einkum er til að líta er að finna í 6. tölulið 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Við mat á skattskyldunni í slíkum tilvikum þarf að kanna þann þátt starfsemi aðilans er lýtur að útleigu eigna og arði af henni.

Ef slík leiga teldist í atvinnuskyni gerð leiddi það til skattskyldu skv. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og jafnframt skv. V. kafla laga nr. 111/1992. Við framkvæmd skattalaga hefur hins vegar ekki reynt á skattskylduna sem slíka en skattstjórinn í Reykjavík sem álagningaraðili hefur og ekki að því er virðist talið ástæðu til aðgerða í þá veru enn sem komið er. Skal hér og nú enginn dómur á það lagður hvort rétt hafi verið staðið að framkvæmdinni að þessu leyti.


Niðurstaða þessa máls er því sú að ljóst er að ekki var lagður skattur á ofangreindan lögaðila samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 111/1992 en að ekki sé að svo komnu og á þessu stigi unnt að slá afdráttarlaust á fast skyldu aðilans til að greiða tekjuskatt og eignarskatt eftir lögum nr. 75/1981".


Yfirfasteignamatsefnd telur, með tilliti til ofangreinds, vafa leika á því, hvort kærandi er skattskyldur samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en nefndin á ekki úrskurðarvald um skattskyldu samkvæmt þeim lögum. Meðan ekki hefur verið skorið úr um skattskylduna af þar til bærum stjórnvöldum telur Yfirfasteignamatsefnd, að kæranda beri ekki að greiða sérstakan fasteignaskatt af eignarhluta sínum í fasteigninni Kringlunni 7, Reykjavík.

ÚRSKURÐARORÐ

Bílgreinasambandinu ber ekki að greiða sérstakan fasteignaskatt af eignarhluta sínum í fasteigninni Kringlunni 7, gjaldárið 1994.


Pétur Stefánsson


Guðný Björnsdóttir


Guðmundur Magnússon